



36. fundur, umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn þriðjudaginn 2. október 2018 og hófst klukkan 12:00.

Mættir voru: Jósteynn Hermundsson, Sölvi Ólason, Oddur Skúlason, Aðalbjörn Arnarsson, Karl Ásberg Steinsson og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá

1. Húsnæðisáætlun fyrir Langanesbyggð – umræður
2. Efnisvinnsla á Sauðanesi – beiðni um framkvæmdaleyfi
3. Deiliskipulagstillögur fyrir Þórshöfn – íbúafundur
4. Önnur mál

Fundargerð

1. Húsnæðisáætlun fyrir Langanesbyggð – umræður

Drög að húsnæðisáætlun lögð fram. Einnig kynnt bréf Íbúðalánasjóðs dags. 11. september 2018.

Samþykkt um bókun: Nefndin leggur til að sveitarstjóra í samráði við oddvita verði falið að gera tillögu að stefnumótun sveitarfélagsins í húsnæðismálum. Þessi stefna verði unnin í samræmi við áætlanir sveitarfélagsins um að sækja um aðild að áætlunum Íbúðalánasjóðs um tilraunverkefni til að bregðast við þeim mikla húsnæðisvanda sem ríkir víða á landsbyggðinni. Einnig er lagt til að samhliða verði mótuð stefna í atvinnumálum byggðarlagsins.

Samþykkt samhljóða.

2. Efnisvinnsla á Sauðanesi – beiðni um framkvæmdaleyfi

Beiðni frá Vegagerðinni, dags. 28. ágúst 2018, um efnistöð úr námi við Sauðanesháls, sbr. uppdrátt sem fylgir með. Einnig lagt fram afrit af samningi Vegagerðarinnar við Ágúst Marinó Ágústsson ábúanda og umráðamann Sauðaness dags. 14. ágúst 2018. Einnig er lögð fram minnisblað Teiknistofu Norðurlands dags. 20. ágúst 2018.

Samþykkt um bókun: Nefndin er sammála að mæla með því að gefið verði út tímabundið framkvæmdaleyfi til Vegagerðarinnar samanber hjálögð drög.

Samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

3. Deiliskipulagstillögur fyrir Þórshöfn – íbúafundur

Lagðar fram tillögur að deiliskipulagi miðsvæðis, hesthúsasvæðis og kirkjugarðs á Þórshöfn frá Teiknistofu Norðurlands.

Samþykkt um bókun: Nefndin samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að efnt verði til íbúafundar meðal íbúa Langanesbyggðar um ofangreindar skipulagstillögur eins fljótt og við verður komið.

Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

a) Skrifstofustjóri greindi frá niðurstöðum fundar heimsóknar fagstjóra samþættingarsviðs Umhverfisstofnunar í síðustu viku til Langanesbyggðar.

b) Skv. 2.1. gr. í starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Bakkafirði, skal liggja fyrir umhverfismarkmið fyrir 1. maí 2019.

Samþykkt um bókun: Nefndin samþykkir að fela sveitarstjóra undirbúning að gerð umhverfismarkmið, sem lögð yrði fyrir nefndina til umræðna.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 13:00.